



– fyrir íslenska verslun

Alþingi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

Alþingishúsinu v/Austurvöll

150 Reykjavík

Reykjavík, 11.02.2008

SÖG

Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) vísar til erindis Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar frá 4. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um matvæli, 326. mál EES reglur, rekjanleiki umbúða.

Félagið gerir ekki athugasemd við fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins enda leiði það kerfi og verklagsreglur sem getið er um í greininni ekki til kostnaðarauka svo neinu nemi fyrir félagsmenn FÍS. Hvað varðar seinni málsgreinina gerir FÍS alvarlegar athugasemdir við þá tillögu að eftirlitsaðili geti stöðvað eða takmarkað dreifingu vara þrátt fyrir að umbúðir eða önnur efni og hlutir uppfylli ákvæði laga eða reglugerðar á grundvelli óljósra hugmynda um nýjar upplýsingar eða endurmats fyrirliggjandi upplýsinga. Stríðir það gegn öllum grundvallar hugmyndum um réttarríkið sem og þeirri grundvallarreglu stjórnisýsluréttarins sem nefnd er lögmætisregla. Það er grundvallar atriði að allar kvaðir og hömlur á atvinnufrelsi byggji á heimild í lögum, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi.

Því er það tillaga FÍS að seinni málsgrein 1. gr. frumvarpsins verði felld út úr frumvarpinu og brot á fyrri málsgrein 1. gr. fylgi almennum reglum matvælalaga um þvingunarræði og refsingar.

Virðingarfyllst,


Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.
f.h. Félags íslenskra stórkaupmanna